



**FRÖSTHEIMAR**

FRÍSTUNDAHEIMILI 

TJÖRNIN • FRÍSTUNDA MIÐSTÖÐ

# Aðgerðaráætlun Frostheima 2020-2021

## Inngangur

Frístundaheimilið Frostheimar heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörninn heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Frostheimar þjónusta börn á aldrinum 8 og 9 ára í Vesturbænum og er staðsett við Frostaskjól 6.

Forstöðukona er Dórothea Ævarsdóttir og aðstoðarforstöðukonur eru Haydeé Adriana Lira Nunez og Íunn Eir Gunnarsdóttir. Einnig starfa Svanhildur Helgadóttir og Kristín Þöll Sigurðardóttir í fullu starfi sem frístundafræðingar.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2020-2021 eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021.

Frostheimar fylgja starfsáætlun Tjarnarinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu Tjarnarinnar [www.tjornin.is](http://www.tjornin.is). Þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

Aðgerðaráætlun hverrar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni. Athugið að aðgerðaráætlunin er lifandi skjal sem getur tekið breytingum yfir starfsárið.

## **Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi**

### **Leiðarljós**

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

### **Hlutverk og framtíðarsýn**

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs er að gefa börnum og ungmennum rík tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra í leik, námi, starfi og lífinu almennt.

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglungum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglunga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

### **Gildi í öllu starfi frístundamiðstöðvar Tjarnarinnar:**

**Framsækni** - gott getur alltaf orðið betra!

**Umhyggja** - okkur er ekki sama!

**Fjölbreytileiki** - með opnum hug, opnast dyr!

## **Umbótaþættir og áhersluatriði**

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir fyrir 2020-2021 út frá stefnukorti skóla- og frístundasviðs og þeim markmiðum sem sett voru fram með stefnukortinu þegar sviðið var stofnað. Að auki eru þær unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030-látum draumana rætast sem eru:

- ✓ **Læsi**
- ✓ **Félagsfærni**
- ✓ **Sjálfsfelling**
- ✓ **Sköpun**
- ✓ **Heilbrigði**

Að auki hafa frístundaheimili Tjarnarinnar sett sér þrjú áhersluatriði sem unnið verður með. Þau eru:

- ✓ **Lýðræði**
- ✓ **Lýðheilsa**
- ✓ **Foreldrasamstarf**

Lykilfærniþætti sem unnið er með í starfinu má finna í starfsskrá frístundamiðstöðvanna í Reykjavík. Þeir eru:

- ✓ **Sjálfmynd**
- ✓ **Umhyggja**
- ✓ **Félagsfærni**
- ✓ **Virgni og þátttaka**

Við gerð þessarar aðgerðaráætlunar Frostheima 2020-2021 var leitast við að hafa viðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið. Í lok apríl voru spurningar lagðar fyrir börnin og komu meðal annars eftirfarandi vangaveltur og svör frá þeim:

**Hvað finnst þér skemmtilegt að gera í Frostheimum?** **Allt saman, leika mér og hafa gaman.** Hæfileikakeppnin, baka í Eldheimum. Frjálst og tískusýning í Sólheimum og tölvuleikir í Jarðheimum. Að vera úti, kubba og kósí. Leikir í Íþróttahæmi. Spila í Kaffiheimi, horfa á skemmtilega bíómynd. Spila bingó og loteria. Að vera í klúbbum. Dansa í Just dance og að teikna. Vera í lego, kubba og í Boltasmiðju. Gera sushi og tálga. Föndra, mála, leika og berjast. Útivera á Grandaskólalóð er best.

**Er eitthvað leiðinlegt? Hvað?**

Já þegar krakkar detta úr hæfileikakeppninni. **Piss fyrir utan klósettið og stundum vond lykt á klósettinu.** Hressing, Listaheimur og samverustund. Perla og **þegar verið er að skamma.** **Neibb.** Lítið af legokubbum. Að ráða ekki öllu, ég ræð öllu heima. **Ekkert leiðinlegt.** Að vera úti í rigningunni. **Eiginlega allt** nema kókoskúlugerð. Fótboltaspilið. Að bíða eftir valinu. Leira. **Nei, ekkert leiðinlegt.** Fótbolli.

**Hvar í Frostheimum líður þér best og afhverju?**

Í Jarðheimum að spila tölvuleiki. Þar sem er rólegt, á bókasafninu, í Listaheimi að mála og föndra. **Allstaðar þar sem vinkonur mínar eru. Líður vel út um allt.** Í Teiknihorni því það er svo gaman að teikna. Í Jarðheimum af því að það er sjónvarp. Í Kaffiheimi út af því að það er mikill félagsskapur. Í útiveru. Í Jarðheimum að horfa á bíó. Í Bókasafni, hægt að kúra þar. Í bakastaðnum (Eldheimum) og í Jarðheimum þar er allt skemmtilegt. Kókoskúlugerð og á Bókasafni. Að kubba í Kubbaheimi. **Allstaðar.** Perla, það er rólegt. Kaffiheimum að spila, ég elska að spila. Sólheimum, ég er alltaf þar.

**Viltu breyta einhverju í Frostheimum?**

Ég vil hafa rennibraut inni. Hafa meira dót. Hafa alltaf straudag í Perluheimi. Hafa einhverntíma hoppukastala. Hafa pizzu í hressingu. Stækka Íþróttahæmi. Breyta Loftheimum í Fortnite-heim. Hafa playstation í öllum herbergjum. Stærri rými og heitan pott inni. Að lóðin verði að

skemmtiparadís og með bestu vatnsrennibraut. Hafa nammi. Já, hafa mitt eigið PS4. Fá nýja hluti, kastala úti, nýja bolta. Stiganum upp í Íþróttahæim, ekki gaman að labba þangað upp. Gera Bahama í Íþróttahæimi. Vera í Playstation á hverjum degi. Má spila Fortnite. Fá trampólín. Fá snúningstæki og rólur. Hafa fleiri útitæki. Mig langar að hafa kavíar í hressingu. Neibb, engu, alls engu. Hafa rólur og baka á fimmtudögum.

### **Hvernig er DRAUMA frístundaheimilið þitt?**

Hafa sundlaug, leiksvæði á Frostheimaplani. Skemmtilegt. Fortniteklúbbur-Sóló. Búið til úr candyfloss og það er hægt að borða það. Má gera hvað sem er og það er nammiland. Frostheimar í nammilandi. WWE hringurinn (glímuhringur), horfa á myndir og spila playstation eins og maður vill. Regnbogarennibraut, glimmer á gluggana, lítið búr fyrir kettlinga og WWE svið til að berjast. Hafa öll dýr sem eru góð, ekki hákarla og afi minn væri hér og mamma mín væri kennari. Hafa frjálsa daga í Frostheimum. Spila tölvuleiki. Allt nema íþróttir! Það er með nammi, góð tónlist og það má vera með síma og í tölvum og í tækjum. Nammi, nammi, nammi, bakstur og tölvuleikir. Nammiheimar með nammibar. Nammiland og PS4.

Einnig var leitað til foreldra og þeir hvattir til að koma tillögum um verkefni eða betrubætur á starfinu til forstöðumanna sem gætu nýst í þessari vinnu. Frétt fór inn á Facebook síðu foreldra þar sem foreldrum var gefinn kostur á að koma ábendingum á framfæri og senda inn tillögur. **Ekki bárust neinar ábendingar né tillögur frá foreldrahópnum.** Síðast en ekki síst voru starfsmenn virkir í vinnunni og komu með ýmsar góðar tillögur að verkefnum þar sem við náum að koma framangreindum markmiðum og áherslum í aldursviðeigandi og áhugahvetjandi verkefni fyrir krakkana.

### **Aðgerðaráætlun 2020-2021**

Aðgerðaráætlun er í takt við skólaárið og nær frá 22. ágúst-21. ágúst. Hér á eftir munum við lista upp helstu verkefni og viðburðina sem eru í hverjum mánuði starfsársins fyrir sig. Þess ber að gæta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áherslupætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum.


Ávallt er boðið upp á útiveru, hreyfingu og frjálstan leik í bland við fjölbreyttar smiðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum hugðarefnum þegar formlegri dagskrá skólans sleppir og að fá útrás fyrir hreyfipörf sína, náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái það mesta út úr veru sinni í frístundaheimilinu Frostheimum.

Áhersla er lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa alltaf myndasöguklúbb þar sem börnin sem hann velja læra að lesa myndasögur, teikna þær og vinna bæði með lestur og skrift. Einnig er gott aðgengi að bókum í frístundaheimilinu og með því að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með orðum og myndum. Þannig náum við líka að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Við erum einnig dugleg að nýta okkur bókasöfnin í hverfinu.

Við vinnum út frá hugmyndafræðinni um virkt barnalýðræði þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa hugmyndakassa þar sem þau geta sett hugmyndir, tillögur eða óskir hvenær sem þeim dettur í hug. Barnaráðsfundir eru svo í annarri hverri viku á mismunandi vikudögum þannig að við útilokum enga hópa frá þátttöku. Börnin sem mæta á fundina kjósa svo um það sem sett hefur verið í kassann, sem fara svo í kosningu til allra. Passað er að um 80% skráðra barna kjósi áður en farið er í að setja tillögur/óskir/hugmyndir í framkvæmd og einnig er passað að viðburðir sem valdir eru af krökkunum séu settir á ólíka vikudaga þannig að það séu ekki alltaf sömu börnin sem missi af þeim.

Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklega vinnu þar sem þau þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, ljósmyndum o.s.frv.

Með innleiðingu Menntastefnunnar höfum við ígrundað starfið og ákveðið að gera breytingar á áherslum í starfinu starfsárið 2020-2021 og leggja megináherslu á tvo þætti þ.e. að auka vægi hins daglega starfs er varða Sköpun og Sjálfsefningu hjá börnum Frostheima. Á meðfylgjandi mynd sést staða Frostheima (í febrúar 2020) varðandi innleiðingu meginflokka fimm: Félagsfærni, Sköpun, Sjálfsefningu, Læsi og Heilbrigði.



Heilbrigði og Læsi eru að miklu leyti komin til framkvæmda, Félagsfærni er einnig komin vel á veg þótt það nái ekki alveg sama kvarða og Heilbrigði og Læsi. Við stöndum ver að vígi varðandi Sköpun og Sjálfsefningu sem eru einungis að hluta komin til framkvæmda. Á þessu

starfsári verður kastljósinu beint að þessum tveimur þáttum og það markmið sett að þeir verði að miklu leyti komnir til framkvæmda fyrir júní 2021 eða fái gildið 3,1-4,0 í matskvarða töflunni og 77% í heildareinkunn, gera má ráð fyrir að þessir tveir þættir muni smita yfir í Félagsfærni þáttinn og hann verði einnig kominn að miklu leyti til framkvæmda með væntanlegum aðgerðum.

Við sendum inn umsókn í þróunarsjóð þar sem verkefnið tengist sköpun og sjálfseflingu í gegnum aukið starf með starfræna sköpun, kaup á forritunarvörum og tækjum og tólum til að nýta í fjölbreyttar smiðjur og klúbba með börnunum. Rétt eins og markmiðið með Menntastefnunni er markmiðið með innleiðingu hennar í Frostheima og sérstaka áherslu á Sköpun og Sjálfseflingu starfsárið 2020-2021, að búa Frostheimabörn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og náí árangri.

Í vinnuplagginu listum við upp helstu verkefni og áherslu mánuð fyrir mánuð í starfinu. Plaggið er lifandi vinnuplagg sem getur og mun eflaust taka einhverjum breytingum yfir starfsárið.

## **Aðgerðaráætlun Frostheima árið 2020-2021**

### **Markmið með öllu starfi í Frostheimum:**

- Að skapa traust og virðingu hjá foreldrum og börnum, ásamt því að þróa gott umhverfi fyrir börnin og tryggja það að hæft starfsfólk vinni hjá okkur.
- Að börnin líti á frístundaheimilið sem stað þar sem gleði, sjálfstæði og samhygð eru mikils metin í traustu og þroskandi umhverfi.
- Að börnin líti á hina fullorðnu sem traustar og jákvæðar manneskjur sem gott og gaman er að leita til og umgangast.



- Að hinir fullorðnu komi til móts við börnin og gefi sér tíma til að hjálpa þeim og hlusta á óskir þeirra, þarfir og kynnast þeim sem einstaklingum.
- Efla ábyrgð og sjálfstæði barna til þess að takast á við dagleg störf.
- Að börnin læri að sýna virðingu og umburðarlyndi í samskiptum við annað fólk og læri að umgangast hvort annað á jafningjagrundvelli.

## **Framtíðarsýn**

- Að börnin og þarfir þeirra séu í forgrunni í öllu sem við gerum og að starfið miði að því að örva og þroska félagsfærni þeirra.
- Að efla innra starf og bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir börnin.
- Veita börnum skemmtilegt og örvandi öruggt athvarf eftir skóla, þar sem þau geta eft félagsfærni sína og öðlast sjálfstæði meðal jafningja, en jafnframt að sinna ákveðnu uppeldi, búa þau undir lífið.
- Lífsleikni utan skólastofunnar. Megintilgangurinn er að hvert barn fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Að börnin fái sem mest út úr sínum frítíma sem þau upplifa að sé vel varið.
- Stuðla að félagslegum þroska barna, upphefja fjölbreytileika, stuðla að sköpun, og efla sjálfsmynd barnanna sem í Frostheimum dvelja.
- Leyfa börnunum að njóta þess að vera börn. Þjálfra félagsfærni, fræðast og hafa gaman!
- Áherslur í starfinu eru samvinna allra aðila, starfsmanna, barna og foreldra fyrst og fremst. Gleði og ábyrgð.

## Gildi Frostheima

Ábyrgð	Hjálpsemi	Samvinna	Vinátta	Virðing
Við berum ábyrgð á því að stimpla okkur inn og út.	Við hjálpumst að við að ganga frá.	Margar hendur vinna létt verk.	Til þess að eignast vin þarftu að vera vinur.	Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.
Við berum ábyrgð á svæðinu okkar.	Við erum alltaf tilbúin að hjálpa.	Við vinnum öll saman sem ein liðsheild.	Við leggjum okkur fram við að vera vinir.	Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum.
Við berum ábyrgð á því sem við segjum.	Við hjálpum öðrum ef við sjáum að hann/hún er í vanda.	Sameinuð stöndum við, sundruð föllum við.	Við skiljum engan útundan.	Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar.
Við berum ábyrgð á hegðun okkar.	Hjálpumst að við að gera Frostheima að svalasta frístundaheimilinu.	Við þurfum öll að leggja okkur fram.	Traustur vinur getur gert kraftaverk.	Við berum virðingu fyrir skoðunum annarra.

## Starfsáætlun ágúst 2020- ágúst 2021

Lifandi vinnuþlagg sem getur tekið breytingum yfir starfsárið.

### Ágúst

- Sumarfrístund hefst aftur eftir sumarlokun: 4.-7.08: Listir og sköpun, vísindi og tilraunir. 10.-14.08: Vatnsleikir og fjör. 17.-20.08: Frostheimar á flandri.
- **21. ágúst: Starfsdagur í Frostheimum, LOKAÐ.**
- **24. ágúst: Skólasetning, LOKAÐ.**
- 25. ágúst opna Frostheimar fyrir börn sem hafa fengið pláss.
- Ráðning nýrra starfsmanna.
- Valkerfið sett af stað – teknar myndir af börnunum.
- Börnum skipt upp í samveruhópa og þeim kynnt starfið og starfsfólkið í Frostheimum, farið í gildin okkar og viðmið í Frostheimum.
- Starfsfólk og börn kynnast og samstilla starfið.
- **Þemadagar 26.-28. ágúst: Farið í ratleik um hverfið til að kynna umhverfi og útisvæði í kringum Frostheima.**

### September

- Unnið með gildið **Samvinna**.
- Börn úr þremur skólum í Frostheimum, hvernig vinnum við saman að því að öllum geti liðið vel í Frostheimum?
- Hver samveruhópur í samveru 2x í mánuði með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum. Unnið með sjálfseflingu og félagsfærni í minni hópum. Barnaráð Frostheima og Hugmyndakassinn kynnt 3. bekkingum í fyrstu samveru.
- Nýir starfsmenn sendir á nýliðanámskeið.
- Liðsheildarvinna starfsmanna í barnastarfi Tjarnarinnar.
- Vinnustofur starfsfólks í september: Menntastefnan, áherslur og verkefni í tengslum við innleiðingu sköpunar og sjálfseflingar kynnt og útfærð. Námskeið í tæknisköpun og forritun hjá Mixtúru.

- Höfuð í bleyti – 22. september – fræðslumorgun fyrir 100% starfsfólk
- Þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar 14.-18. september: Hreysti og vellíðan. Einbeitum okkur að líkamlegu og andlegu heilbrigði og vellíðan. Skemmtileg verkefni og fræðsla unnin alla vikuna.
- Foreldrakynning Frostheima miðvikudaginn 23. september frá kl.17:15-18:15 í Frostheimum. Starf og starfsfólk kynnt. Barnagæsla á staðnum. Með fyrirvara um breytingu vegna Covid, þá rafræn kynning send á foreldra.
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsfólk skipuleggur starfið og fræðist um starf með og fyrir börn.

## Október

- Unnið með gildið **Vinátta og gleði.**
- Vinnustofur starfsfólks í október: Starfsfólk kynnir sér leiki sem efla m.a félagsfærni. Starfsfólk sækir námskeið og kynnir sér snjalltæki sem verkfæri í tæknilegri sköpun með börnunum.
- Þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar 12.-16. október: Vísindi og tilraunir. Skemmtilegar tilraunir og fræðsla alla vikuna.
- Vináttudagar í Frostheimum 27.-29. október. Unnið með gildin vinátta og gleði, settur af stað leynivinaleikur, hvernig erum við góðir vinir vina okkar? Vangaveltur og leikir, föndur og fjör.
- Hver samveruhópur í samveru 2x í október með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum. Unnið með sjálfseflingu og félagsfærni í minni hópum.
- Sköpun og sjálfsefling: Leiklistar- og tjáningarklúbbur hefur starfsemi vikuna 19.-23. október og er 1x í viku. Frumsemja leikrit, æfa framkomu og frumsýna í foreldrakaffi í nóvember.
- Læsi í víðum skilningi: Myndasögusmiðja hefur starfsemi vikuna 5.-9. október og er 1x í viku. Lesnar og teiknaðar myndasögur til fróðleiks og skemmtunar, hönnuð og teiknuð myndasaga. Afrakstur sýndur í foreldrakaffi í nóvember. Fréttasmiðja Frostheima: Fréttabréf barnanna gefið út af Fréttasmiðju Frostheima, birt á Facebooksíðu og á heimasíðu Frostheima.
- Útismiðja hefur starfsemi vikuna 5.-9. október og er 1x í viku. Skemmtileg og fræðandi verkefni unnin úti.
- Aðrir klúbbar og smiðjur fara af stað, kynnt í samveru og vali. Sjálfsefling og sköpun í forgrunni við skipulagningu á smiðjum og klúbbum.
- Barnaráð 3. bekkinga fundar einu sinni.
- Fjarkinn: félagsmiðstöð í frístund fyrir 4. bekkinga. Fyrsti fundur í vikunni 5.-9. október og Fjarkaráð sett. Skipuleggja dagskrá í október. Aukin ábyrgð í frístund, umsjón í hressingu og fl.

- Heilir dagar í október: Grandaskóli 6.10, Melaskóli og Vesturbæjarskóli. Nánari upplýsingar þegar skóladagatöl eru gefin út.
- **Haustfrí skólanna fimmtudaginn 22.10, föstudaginn 23.10 og mánudaginn 26.10, LOKAÐ í Frostheimum.** Fjölskyldudagskrá í boði Tjarnarinnar, nánar auglýst síðar.
- Starfsdagur starfsfólks í barnastarfi Tjarnarinnar fimmtudaginn 22.10.
- **Hrekkjavökupartý Frostheima föstudaginn 30. október.**
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Nóvember

- Unnið með gildið **Hjálpssemi.**
- Vinnustofur starfsfólks í nóvember: Réttindi barna í forgrunni. Orðræðan í Frostheimum tekin fyrir. Koma réttindum barna inn í orðræðuna ásamt því að skipuleggja verkefni tengd Barnasáttmálanum.
- Einblínt á **hjálpssemi** í tengslum við Jólamarkað frístundaheimilanna. Af hverju erum við að fönndra og safna peningum fyrir önnur börn úti í heimi? Umræður, fræðsla og leikir í samveru. Hver samveruhópur hittist 2x í nóvember.
- Undirbúningur og föndur fyrir Jólamarkað frístundaheimilanna í Tjörninni.
- **Haldið upp á afmæli Barnasáttmálans og 1 árs afmæli Frostheima sem Réttindafrístund UNICEF með þemaviku 16.-20. nóvember. Réttindi barna, skemmtileg og fróðleg verkefni unnin alla vikuna.**
- Foreldraviðtöl. Foreldrar geta óskað eftir viðtali við forstöðukonu og/eða aðstoðarforstöðukonu og fengið endurgjöf um hvernig barninu gengur. Komin reynsla á starfið og starfsfólk og börn kynnst.
- Barnaráð 3. bekkinga fundar tvisvar.
- Fjarkaráð hittist og ígrundar Fjarkann, gera breytingar ef þarf og skipuleggja dagskrá í nóvember.
- Læsi í víðum skilningi: Fréttabréf barnanna gefið út af Fréttasmiðju Frostheima, birt á Facebooksíðu og heimasíðu Frostheima.
- **Heilir dagar í nóvember: Grandaskóli og Melaskóli 11.11.**
- Foreldrakaffi/opið hús 19. nóvember kl.16:00-17:00. Börnin bjóða foreldum í kaffi, spjall og spil. Leiklistaklúbbur frumsýnir frumsamið leikrit, Myndasögusmiðja sýnir afrakstur sinnar vinnu. Fleiri klúbbar/smiðjur sýna afrakstur sinn á svæðum.
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Desember

- Unnið með gildið **Ábyrgð**.
- Vinnustofur starfsfólks í desember: Námskeið í vináttuþjálfun. Farið í að greina barnahópinn í Frostheimum og skipuleggja verkefni tengd vináttuþjálfun út frá félagsfærni og sjálfseflingu.
- **Jólamarkaður frístundaheimila Tjarnarinnar haldinn í sal Tjarnarinnar fimmtudaginn 3. desember kl.16:30-18:30.**
- Samveruhópar hittast 2x í desember með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum. Uppgjör eftir jólamarkað, í hvað fara peningarnir sem við söfnuðum.
- Jólaföndur og annað skapandi starf sem tengist jólunum.
- Klúbbar og smíðjur í pásu, notalegheit á valsvæðum.
- Fjarkinn: Fjarkaráð skipuleggur jólahuggó Fjarkans.
- **Heilir dagar í Frostheimum í jólafrí skólanna: 18.12, 21.12, 22.12, 23.12, 28.12, 29.12 og 30.12**
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Janúar: Gleðilegt árið 2021 ☺

- **Heilir dagar í janúar: Allir skólar 4.01. Melaskóli 27.01 og Vesturbæjarskóli 27. og 28.01.**
- **Frostheimar 11 ára 4. janúar, haldið upp á afmælisdaginn 5. janúar með skemmtilegum uppákomum. Foreldrum boðið að koma og þiggja kaffi og afmælisöku þann dag milli 15:00 og 17:00.**
- **Skemmtileg afmælisstemning alla vikuna 4.-8. janúar ☺**
- Unnið með gildið **Virðing**.
- Vinnustofur starfsfólks í janúar: Mikilvægi svefns og skjátími barna. Verkefni undirbúin fyrir umræður á valsvæðum og samveru. Fjölbreytileiki í Frostheimum, farið í litróf barnanna, almenna orðræðu um fjölbreytileika í Frostheimum og „Gefðu Tíu“.
- **Þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar 18.-22. janúar: Fjölbreytileiki. Vangaveltur um fjölbreytileika m.a. í Frostheimum, fræðsla og skemmtileg verkefni unnin alla vikuna.**
- **Þemadagar 25.-29. janúar: Hvernig komum við fram við aðra? Skemmtileg og fróðleg verkefni unnin alla vikuna sem hluti af vali.**
- Samveruhópar hittast 2x í janúar með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum.
- Ráðning nýrra starfsmanna.
- Tökum upp smíðju/klúbbastarf eftir pásu í desember mánuði.

- Nýir starfsmenn sendir á nýliðanámskeið.
- Barnaráð 3. bekkjar fundar tvisvar.
- Fjarkaráð: skipuleggja dagskrá í janúar og hefja skipulagningu á „Flogið úr hreiðrinu“, útskrift 4. bekkinga úr Frostheimum.
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Febrúar

- Unnið með gildið **Vinátta og gleði.**
- Vinnustofur starfsfólks í febrúar: Áfram unnið með vináttaþjálfun, greiningu og verkefni með barnahópnum. Stokkað upp í samveruhópum. Verkefni tengd fjölmiðlalæsi skipulögð.
- **Vináttudagar í Frostheimum 8.-12. febrúar. Unnið með gildin vinátta og gleði, settur af stað leynivinaleikur, hvernig erum við góðir vinir vina okkar? Vangaveltur og leikir, föndur og fjör.**
- **Þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar 15.-19. febrúar: Fjölmiðlalæsi. Fræðsla og leikir, rýnt í efni í hinum ýmsu fjölmiðlum.**
- Samveruhópar hittast 2x í febrúar með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum.
- Bolludagur, borðum bollur ☺
- **Öskudagur miðvikudaginn 17. febrúar, sláum köttinn úr tunnunni.**
- **Heilir dagar í febrúar: Grandaskóli 2.02, Melaskóli 05.02**
- Barnaráð 3. bekkjar fundar tvisvar.
- Fjarkaráð: skipuleggja og sjá um vináttudagana í Frostheimum.
- **Vetrarfrí skólanna, LOKAÐ í Frostheimum 22.02 og 23.02.**
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Mars

- Unnið með gildið **Hjálpsemi og jafnræði.**
- Vinnustofur starfsfólks í mars: Ígrundun smiðja og klúbba. Hugmyndavinna fyrir Nýsköpunarviku og undirbúningur verkefna.

- Foreldraviðtöl. Foreldrar geta óskað eftir viðtali við forstöðukonu og/eða aðstoðarforstöðukonu og fengið endurgjöf um hvernig barninu gengur. Komin reynsla á starfið og starfsfólk og börn búin að kynnast vel.
- Þemadagar 8.-12. mars: hjálpssemi og jafnræði. Umræður og verkefni í samveru. Tiltekt á lóð Frostheima, átak í fataklefa og anddyri.
- Þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar vikuna 22.-26. mars: Nýsköpun. Gefum sköpun lausan tauminn og verðum með skemmtileg sköpunarverkefni alla vikuna.
- Samveruhópar hittast 2x í mars með einum starfsmanni: hópeflisleikir, umræður um daglegt starf í Frostheimum.
- Starfsþróunar- og frammistöðusamtöl starfsfólks við forstöðukonu.
- Sköpun og sjálfsefling: **Hæfileikakeppni Frostheima 2020, undankeppnir og úrslit.**
- Barnaráð 3. bekkjar fundar tvisvar.
- Fjarkaráð: hittist og skipuleggja mars og undirbúa „Flogið úr hreiðrinu“.
- **Heilir dagar í Frostheimum í páskafrí skólanna 29.03, 30.03 og 31.03.**
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Apríl

- Unnið með gildið **Ábyrgð.**
- Vinnustofur starfsfólks í apríl: Undirbúningur listasýningar í tengslum við Barnamennningarhátíð, útivera aukin og útileikir og skemmtileg verkefni virkjuð.
- **LOKAÐ í Frostheimum á Skírdag 1.04, Föstudaginn langa 2.04 og Annan í páskum 5.04.**
- **Heilir dagar í Frostheimum í páskafrí skólanna 6.04.**
- **LOKAÐ á Sumardaginn fyrsta 22.04.**
- Samveruhópar hittast 2x í apríl með einum starfsmanni: uppgjör á árinu, hvað var frábærast og hvað getum við gert betur. Kynning á Fjarkaráði og Fjarkanum fyrir 3. bekkja. Hópefli og einblínt á ábyrgð orða og gjörða sinna.
- **Frostheimar taka þátt í Barnamennningarhátíð 2021.**
- Foreldrum 4. bekkja boðið að koma og spila bingó í Eldheimum – 4. bekkur sér um bingó og veitingar. Fimmtudaginn 29. apríl kl.16:00-17:00.
- Skráning í sumarfrístund 2021 hefst.



- 2. bekkjum, tilvonandi Frostheimabúum boðið í heimsókn í Frostheima ásamt kennurum sínum.
- Byrjað að æfa fyrir og skipuleggja kassabílarally.
- Barnaráð 3. bekkjar fundar tvisvar.
- 16. apríl: Lokaferð 4. bekkinga farin. Fjarkaráð skipuleggur „Flogið úr hreiðrinu“.
- Gengið frá ráðningum lykilstarfsmanna í sumarstarfið.
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Maí

- Unnið með gildið **Virðing**.
  - Vinnustofur starfsfólks í maí: Starfsárið gert upp, ígrundun: hvað var gert vel og hvað má betur fara. Sumarfrístund undirbúin, áherslur og þemu.
  - Þemadagar: virðing í Frostheimum dagana 10.-14. maí. Hvernig komum við fram við aðra? Skemmtileg og fróðleg verkefni unnin alla vikuna sem hluti af vali.
  - 2. bekkjum, tilvonandi Frostheimabúum boðið í heimsókn í Frostheima með frístundaheimilinu sínu.
  - Kassabílarally 3. og 4. bekkinga í Frostheimum, Eldflauginni, Halastjörnuni og Draumalandi á Klambratúni, dagsetning auglýst síðar.
  - Sjálfsefling: Strætósmiðja þar sem börnin læra á strætó. Læra að lesa tímatöflur og hvaða strætóbílar keyra um vesturbæinn.
  - Lestur í víðum skilningi: **Sögukeppni Frostheima 2021**.
  - Barnaráð fundar og gerir upp veturinn. Skipuleggja þrautadag og grillpartý 28. maí.
  - Foreldrakynning fyrir foreldra 2. bekkinga sem eru væntanleg í Frostheima haustið 2021. Kynningin fer fram í Kaffiheimi miðvikudaginn 19. maí kl.17:15-18:15. Barnagæsla í boði á meðan.
  - **Sameiginlegur starfsdagur skóla og frístundarheimila 10.05.– Lokað í Frostheimum.**
  - **LOKAÐ í Frostheimum á Uppstigningardag 13.05 og Annan í hvítasunnu 24.05.**
- Starfsfræðslufundir haldnir alla föstudaga kl.12-13 þar sem starfsmenn skipuleggja starfið og fræðast um starf með og fyrir börn.

## Júní

- Síðasti hefðbundni dagur í vetrarfrístund er miðvikudagur 9. júní.

- **Skólaslit skólanna fimmtudaginn 10. júní - LOKAÐ í Frostheimum.**
- **Starfsdagur Frostheima föstudaginn 11. júní- sumarfrístund undirbúin – LOKAÐ í Frostheimum.**
- Sumarfrístund hefst mánudaginn 14. júní með þema
- vikunni Veiða, vaða og synda.

## **Júlí**

- Sumarfrístund.
- Sumarlokun frístundaheimila Tjarnarinnar.

Mánuður	Gildi	Vinnustofur starfsfólks	Heilir dagar	Sameiginleg verkefni frístundaheimila Tjarnarinnar	Foreldrar	Þemadagar	Klúbbar-Smiðjur hefjast
Ágúst						26.-28.08 Umhverfi Frostheima- ratleikur	Skipt í samveruhópa
September	Samvinna	Menntastefnan: sköpun og sjálfsefning - verkefni og námskeið.		14.-18.09 Hreysti og vellíðan	Foreldrakynning 23.09 kl.17:15-18:15		
Október	Vínátta	Starfsfólk kynnir sér leika sem efla m.a félagsfærni. Starfsfólk sækir námskeið og kynnir sér snjalltæki sem verkfæri í tæknilegri sköpun með börnum.	Grandó 6.10 Vestó 6.og7.okt Meló 13. okt LOKAÐ 22., 23., 26.	12.-16.10 Vísindi og tilraunir		29.-31.10 Vínáttudagar	Leiklistar- og tjáningarklúbbur Myndasögusmiðja Fréttasmiðja Útismiðja Listasmiðja
Nóvember	Hjálpssemi	Réttindi barna, orðræðan í Frostheimum tekin fyrir. Skipuleggja verkefni tengd Barnasáttmálanum.	Grandó 11.11 Meló 11.11	16.-20.11 Réttindi barna	Foreldraviðtöl Foreldrakaffi/opið hús 19.11 kl.16-17		DJ-klúbbur Forritunarsmiðja Stopmotionklúbbur Föndursmiðja fyrir jólamarkað
Desember	Ábyrgð	Kynning á og námskeið í Vínáttubjálfun. Barnahópurinn greindur og verkefni skipulögð út frá félagsfærni og sjálfsefningu.	Allir skólar 18.,21.,22.,23., 28., 29., 30.	3.12 Jólamarkaður frístundaheimilanna	Jólamarkaður 3.12 ☺		
Janúar	Virðing	Fjölbreytileiki í Frostheimum, verkefnið „Gefðu Tíu“ kynnt og komið í framkvæmd.	Allirskólar 4.01 Vestó 27.og28.	18.-22.01 Fjölbreytileiki	Afmælskaka og kaffi- Frostheimar 11 ára 4.01	25.-29.01 Hvernig komum við fram við arða?	Nýjar smiðjur og klúbbur
Febrúar	Vínátta	Vínáttubjálfun: áframhald og greining og uppstokkun í samveruhópum. Verkefni tengd Fjölmíðlalæsi skipulögð.	Grandó 2.02 Meló 05.02	15.-19.02 Fjölmíðlalæsi		8.-12.02 Vínáttudagar	
Mars	Hjálpssemi	Ígrundun smiðja og klúbba, hugmyndavinna fyrir Nýsköpunarviku.	Allir skólar: 29., 30. og 31.	22.-26.03 Nýsköpun	Foreldraviðtöl Skráning í starfið 2021- 2022	8.-12.03 Hjálpssemi og jafnræði	Listasýningarsmiðja
Apríl	Ábyrgð	Barnamenningarháttíð: ígrundun og skipulagning, listasýning. Útileikir og aukin útivera.	Allir skólar 6.04	Barnamenningarháttíð	Barnamenningarháttíð: Listasýning og fl. Foreldrabingó Fjarkans 29.04 kl.16-17 Skráning í sumarfrístund 2021		Sýning á Barnamenningarháttíð Útskriftarferð/partý Fjarkans
Maí	Virðing	Uppgjör starfsársins: Kostir og gallar. Skipulagning strætósmiðju og útfærsla á Sögukeppni. Sumarfrístund skipulögð, áherslur og þemu.	Allir skólar 10.05 LOKAÐ 13., 24.	Kassabilarallý á Klambratúni	Foreldrakynning fyrir verðandi foreldra 19.05 kl.17:15-18:15	10.-14.05 Virðing í Frostheimum	Strætósmiðja

